



# Félagsráðgjöf

Á Miðstöðinni er starfandi félagsráðgjafi. Notendur Miðstöðvarinnar og aðstandendur þeirra geta leitað til félagsráðgjafa Miðstöðvarinnar sér að kostnaðarlausu.

Félagsráðgjafi starfar eftir siðareglum félagsráðgjafa þar sem „markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti“.

Einstaklingar búa við misjafnar félagslegar aðstæður og getur félagsleg staða fólks breyst á skömmum tíma. Félagsleg staða getur tengst atvinnu, menntun, búsetu, fjármálum, samskiptum, fjölskyldu, og fleira.

### **Hvað gerir félagsráðgjafi?**

- Metur félagslega stöðu með tilliti til samfélagslegra úrræða.
- Veitir stuðning og ráðgjöf vegna félagslegra aðstæðna.
- Veitir upplýsingar um samfélagsleg úrræði og aðstoðar við umsóknarferli sé þess óskað.
- Er tengiliður við ýmsar stofnanir (t.d. félagsþjónustur sveitarfélaga, Tryggingastofnun ríkisins, einkaaðila o.fl.).

## **Dæmi um samfélagsleg úrræði sem félagsráðgjafar veita upplýsingar um:**

- Veikindaréttindi í starfi, örorkulífeyrir, umönnunargreiðslur, foreldragreiðslur, lækkun á tekjuskatti, styrkir.
- Heimaþjónusta, liðveisla, NPA, stuðningsfjölskyldur, ferðakostnaður, akstursþjónusta, beiðni um forgang á leikskóla.
- Búseta, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili, hvíldarinnlagnir, félagsstarf, dagvistun.

## **Samstarf félagsráðgjafa og notenda Miðstöðvarinnar og/eða aðstandenda þeirra fer meðal annars fram:**

- Í einstaklings-, para- eða fjölskylduviðtölum
- Í vitjunum
- Í gegnum síma/tölvupóst
- Á teymisfundum

## **Hvernig er leitað til félagsráðgjafa?**

Notendur Miðstöðvarinnar og aðstandendur þeirra geta pantað tíma eða haft samband við félagsráðgjafa Miðstöðvarinnar í síma 545-5800.

## **Hafið samband við okkur**

Starfsfólk Miðstöðvarinnar er ávallt reiðubúið að svara spurningum og fyrirspurnum. Við hvetjum alla til að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna um málefni blindra, sjónskertra og daufblindra og þjónustu og ráðgjöf við notendur, aðstandendur og/eða fagfólk.

## **Hvar erum við?**

Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin er á 5. hæð í Hamrahlíð 17 í Reykjavík.

## **Hvenær er opið?**

Miðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 9 til 16.

## **Tímappantanir í síma 545 5800**

Hjá ráðgjöfum, augnlækni og sjónfræðingum.

## **Nánari upplýsingar á [www.midstod.is](http://www.midstod.is)**

Nánari upplýsingar má einnig fá á heimasíðu Miðstöðvarinnar, [www.midstod.is](http://www.midstod.is)



**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir  
blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga**

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | S. 545 5800 | [midstod@midstod.is](mailto:midstod@midstod.is)